

Skýrsla stjórnar UT-kvenna fyrir 2006-2007

Fagfélagið UT-konur var stofnað 25. maí 2005 á stofnfundi þess í Háskólanum í Reykjavík og eru félagar alls 110.

Aðalfundur félagsins 2006 var haldinn 26. apríl í Háskólanum í Reykjavík og var kosin ný stjórn fyrir árið 2006-2007. Birna Guðmundsdóttir, Laufey Ása Bjarnadóttir, Sólveig Hrönn Sigurðardóttir og Sigríður M. Björgvinsdóttir gengu úr stjórn en í stjórn voru kosnar:

- Ásrún Matthíasdóttir formaður
- Auður Sigr. Kristinsdóttir
- Hólmfríður Pálsdóttir
- Sigrún Þöll Þorsteinsdóttir
- María Guðnadóttir
- Þóra Halldórsdóttir
- Bergþóra Ketilsdóttir

Að loknum hefðbundnum aðalfundarstörfum velti Guðný Sævinsdóttir, ráðgjafi hjá Hagvangi upp spurningum eins og:

- Hvaða störf eru það sem eru í boði í upplýsingatækni og hvernig (út frá okkar sjónarhorni) skiptast þessi störf á milli kynjanna?
- Hvað er það sem ræður?
- Hvernig er framboð af fólki í upplýsingatækni miðað við aðrar greinar?.
- Af hverju ætti að hvetja konur til náms í upplýsingatæknigreinum?

Veitingar voru í boði Háskólans í Reykjavík.

Stjórnin skipti með sér verkum og hefur haldið reglulega fundi mánaðarlega. Á fyrstu fundum stjórnar var rætt um hvernig félagið ynni best að markmiðum faghópsins og hvaða áherslur ættu að vera í starfinu. Voru þrjú megin verkefni valin: Kynningarbæklingur, þátttaka í ráðstefnum ásamt fræðslu- og skemmtifundum.

1. Ákveðið var að leggja megin áherslu á kynningarstarf með það að markmiði að gefa út kynningabækling um upplýsingatækni sem dreift yrði til 15 ára stúlkna á Íslandi. Leitað var eftir styrkjum og fengust þeir frá menntamálaráðuneytinu, iðnaðar og viðskiptaráðuneytinu, Háskólanum í Reykjavík og Skýrslutæknifélagi Íslands. Ákveðið var að taka viðtöl við þrjár ungar konur í bæklingnum og fenginn var ljósmyndari til að mynda þær. Bæklingurinn er nýkominn úr prentun og kominn í dreifingu. Ákveðið var að senda bæklinginn á 18 ára stúlkur einnig. Fylgja þarf útgáfunni eftir með fjölmiðlaumfjöllun og er fráfarandi stjórn tilbúin til að taka þátt í því.
2. Horfið var frá þeirri hugmynd að halda sjálfstæða ráðstefnu á vegum UT-kvenna en lögð áhersla á að taka þátt í ráðstefnum Ský (Skýrslutæknifélag Íslands) og öðrum ráðstefnum tengdum upplýsingatækni.

3. Fræðslu- og kynningarkvöld var haldið á Amokka 16. nóvember kl. 17:30 þar sem Már Vilhjálmsson kynnti þrjú góð rauðvín. Vakti kynning hans mikla lukku en Ölgerðin bauð einnig upp á bjór, hvítvín og líkjör. Að lokinni kynningu snæddu UT-konur saman og skiptust á skoðunum fram eftir kvöldi.
4. Morgunverðarfundur var haldinn 21. mars í Farfuglaheimilinu í Reykjavík, Sundlaugavegi 34 þar sem Hannes Högni Vilhjálmsson fjallaði um “Félagslega tölvutækni sem kennir tungumál og siði framandi þjóða”. Erindi hans var mjög áhugavert og vakti lukku.
5. Reynt hefur verið að gera heimasíðu félagsins líflegri en hún er vistuð í samvinnu við Ský og hefur kerfi sem þar er notað valdið vandræðum við að halda síðunni líflegri.
6. Starf vinnuhópa mætti vera öflugra en á seinni hluta tímabilsins hafa þeir ekki verið mjög virkir. Huga þarf að eflingu þeirra.
7. UT-konur hafa tekið þátt í að efla eða endurvekja Kvennaslóðir sem er gagnagrunnur um konur sjá www.kvennaslodir.is

Framtíðarsýn

Eitt helsta umræðuefni stjórnar undanfarið hefur verið um leiðir til að auka þátttöku UT-kvenna í starfi félagsins og einnig hvernig laða megi ungar konur í félagið en engar töfralausnir hafa fundist enn sem komið er. Einnig hefur námsefni framhaldsskóla í upplýsingatækni verið til umræðu og hvort tengsl séu milli þess og minnkandi áhuga stúlkna (og drengja) á háskólanámi í upplýsingatækni. Mikilvægt er að halda áfram að efla tengslanet innan ut-kvenna með bæði fræðandi og skemmtandi atburðum en einnig að halda áfram markvissu kynningarstarfi á upplýsingatækni t.d. með því að nýta meira fjölmiðla.

Lög félagsins gera ráð fyrir að kosið sé í stjórn til tveggja ára og á aðalfundi 26. mars 2007 ganga úr stjórn Ásrún Matthíasdóttir, Hólmfríður Pálsdóttir, María Guðnadóttir, Bergþóra Ketilsdóttir og er þeim þakkað mjög gott og óeigingjarnt starf.

26. apríl 2007

Ásrún Matthíasdóttir formaður